

Reglur lífeyrissjóða um skuldbreytingar og skilmálabreytingar fyrir fyrirtæki

1. Inngangur

Reglur þessar eru settar í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og skulu gilda til jafnlengdar því ákvæði laganna. Fram kemur í I. kafla, 3. gr. um fyrirtæki:


„Kröfueigendur skulu setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Skulu reglurnar vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavinum þeirra.“

Reglurnar eiga við lögmætar kröfur lífeyrissjóða, þ.e. kröfur sem njóta réttarverndar að íslenskum eða alþjóðlega viðurkenndum lögum. Telji skuldari kröfu lífeyrissjóðs ólögmæta eða óréttmæta skal hann gera viðkomandi lífeyrissjóði, með vel rökstuddum hætti, grein fyrir ástæðum þess að hann telji kröfu lífeyrissjóðsins óréttmæta. Sé niðurstaða lífeyrissjóðsins að krafan sé óréttmæt eða ólögmæt skal fella kröfuna niður að því leyti sem við á.

Reglur þessar eru almennar reglur við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Markmið þeirra er að tryggja sem best samræmi í vinnubrögðum við úrvinnslu mála.

Lífeyrissjóðir eiga í mörgum tilvikum kröfur á sömu fyrirtæki og fjármálafyrirtæki eiga kröfu á. Reglur þessar taka því mið af þeim reglum sem fjármálafyrirtæki hafa sett sér fyrir milligöngu Samtaka fjármálafyrirtækja. Þannig taka reglurnar mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 107/2009 um samræmi, jafnræði og gagnsæi við meðferð einstakra mála, auk þess að taka tillit til hinnar almennu kröfu um heilbrigða og góða viðskiptahætti.

Markmið vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja er að hámarka endurheimtur lífeyrissjóðs að teknu tilliti til þeirra skilyrða og sjónarmiða sem lýst er í reglum þessum og lögum nr. 107/2009. Ennfremur gilda í þessu tilliti eftir því sem við eiga ákvæði annarra laga, svo sem laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, samkeppnislaga, nr. 44/2005, laga nr. 77/2003, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.



2. Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum.

Að neðan eru talin þau skilyrði sem fyrirtæki þarf almennt að uppfylla til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu.:



- 2.1. Endurheimtur krafna lífeyrissjóðs verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati lífeyrissjóðs
- 2.2. Fyrirtæki geti sýnt fram á að sjóðstreymi standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagningu. Við mat á fjárhæð skulda eftir endurskipulagningu verði höfð hliðsjón af væntri greiðslugetu, heildarvirði og eignavirði fyrirtækis .
- 2.3. Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og lífeyrissjóðs. Í því sambandi er m.a. horft á viðskiptasögu fyrirtækisins, eigenda þess og stjórnenda.
- 2.4. Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veiti lífeyrissjóði allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 2.5. Fyrirtæki veiti lífeyrissjóði heimild til að vinna fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis í samvinnu við aðra kröfuhafa, þegar við á.
- 2.6. Fyrirtæki veiti lífeyrissjóði heimild til að framkvæma áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Ekki þyki líklegt að aðrir kröfuhafar muni krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækinu .

Handwritten signatures and initials:
Jón
Rún
Haf
BBS
GHL
D
ARJ

3. Mat á fyrirtæki

Þegar kannað er hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar séu uppfyllt leggur lífeyrissjóður mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverf fyrirtækisins m.a.:

- 3.1. Eignir og skuldir þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.1.1. Verðmæti trygginga og helstu eigna fyrirtækis.
 - 3.1.2. Möguleika á hagræðingu, t.d. hvort selja megi óarðbærar eignir
 - 3.1.3. Skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. ábyrgðir
 - 3.1.4. Tryggingastöðu lífeyrissjóðs, þar sem m.a. er lagt mat á líftíma eigna og veða sem standa að baki skuldum
- 3.2. Greiðslugetu þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.2.1. Rekstraráætlun, sjóðsstreymi og lykilforsendur.
 - 3.2.2. Áætlun um hagræðingu, t.d. hvort draga megi úr rekstrar kostnaði.
- 3.3. Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi.
- 3.4. Orðsporsáhættu fyrirtækis og lífeyrissjóðs af fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 3.5. Tengdir aðilar eru metnir heildstætt eftir því sem við á.



4. Mat á áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis

Við mat lífeyrissjóðs á áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu er einkum horft til viðskiptasögu þeirra, samstarfsvilja við hina fjárhagslegu endurskipulagningu og þýðingu þeirra fyrir framtíð fyrirtækja. Við mat á þessum þáttum er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- 4.1. Við mat á viðskiptasögu eigenda og stjórnenda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.1.1. Hefur almennt verið staðið við samninga viðskiptavinar og lífeyrissjóðs?
 - 4.1.2. Hefur upplýsingagjöf almennt verið góð?
 - 4.1.3. Hafa arðgreiðslur og launagreiðslur verið í takt við rekstrarforsendur?
 - 4.1.4. Er rekstrarsaga fyrirtækisins góð þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika?
 - 4.1.5. Hefur samningum og lögum verið fylgt við meðferð og sölu eigna fyrirtækis?
- 4.2. Við mat á samstarfsvilja við framkvæmd endurskipulagningar er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.2.1. Hafa allar nauðsynlegar upplýsingar verið veittar?
 - 4.2.2. Hefur fyrirtækið stuðlað að samstarfi kröfuhafa þar sem við á?
 - 4.2.3. Ríkir almennt traust milli aðila?
- 4.3. Við mat á því hvort þátttaka eigenda og stjórnenda bætir endurheimtur skulda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.3.1. Hafa þeir færni og / eða þekkingu sem er verðmæt viðkomandi rekstri?
 - 4.3.2. Hafa þeir viðskiptasambönd sem eru rekstrinum dýrmæt?
 - 4.3.3. Eru þeir handhafar leyfa sem eru rekstrinum verðmæt?
 - 4.3.4. Er staða þeirra samkvæmt samningum slík að endurheimtur lífeyrissjóðs verði lakari án þeirra?

Handwritten signatures and initials:

- Top right: JFM
- Middle right: Rula
- Below Rula: 'A23
- Bottom right: BAS
- Bottom left: JFM
- Bottom center: HGI
- Bottom right: JFM

5. Skilmálar samninga við endurskipulagningu

Í tengslum við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis kann lífeyrissjóður að gera kröfur um frekari skilmála og kvaðir á fyrirtæki eftir því sem við á. Þessir skilmálar geta t.a.m. verið:

- 5.1. Krafa um eiginfjárframlag eigenda til rekstursins og / eða til niðurgreiðslu á skuldum fyrirtækis við lífeyrissjóð.
- 5.2. Arðgreiðslubann og takmarkanir á úttektum eigenda.
- 5.3. Takmarkanir á launagreiðslum og öðrum hlunnindum eigenda og stjórnenda.
- 5.4. Takmarkanir á breytingu á stjórn fyrirtækis eða tilgangi þess án samþykkis lífeyrissjóðs.
- 5.5. Krafa um auknar tryggingar fyrir skuldum fyrirtækisins, m.a. í eignum félagsins og sjóðstreymi og/eða eignarhlut eigenda í fyrirtæki.
- 5.6. Heimild til að skipa fyrirtæki tilsjónarman, ráðgjafa og/eða óháðan stjórnarmann.
- 5.7. Krafa um reglulega upplýsingagjöf um rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
- 5.8. Krafa um að skuldum sé breytt í eigið fé og/eða fjármálagerningar gefnir út með breytirétti í hlutafé.

Handwritten notes and signatures:

John

W

Other

John

BPS

(A2)

HGS

JKK.

6. Aðferðarfræði og sjónarmið

Aðferðarfræði við endurskipulagningu skulda mun öðru fremur taka mið af viðskiptalegum og samkeppnislegum sjónarmiðum ásamt kröfum um gegnsæi.

- 6.1. Almennt skal leitast við að velja þá leið við endurskipulagningu sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst. Ekki skal vikið til hliðar augljósum hagsmunum lífeyrissjóðs af því að hámarka verðmæti, tryggja hagsmuni lífeyrissjóðs og vinna hratt að úrlausn mála.
- 6.2. Meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja stendur kann að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna lífeyrissjóðs. Með innheimtu er átt við innheimtu samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 eða löginheimtu samkvæmt réttarfarslögum.
- 6.3. Ekki er gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma.
- 6.4. Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð verður þannig ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum skuldara.

Handwritten signatures and initials:
phu
Ndu
RBS
'ARJ
14/1/2011

7. Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála

Áður en fjárhagsleg endurskipulagning á sér stað getur lífeyrissjóður gert kröfu um eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- 7.1. Staðfestar og/eða endurskoðaðar upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis síðustu ára með skýringum.
- 7.2. Fjárhagsáætlun fyrir næstu 3-5 árin sem sýnir áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt sögulegum rekstrartölum. Einnig yfirlit yfir helstu áhrifaþætti og forsendur áætlana.
- 7.3. Sundurliðað yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. skuldir við lífeyrissjóð, aðra lánadrottna og opinbera aðila, eignarleigusamninga og ábyrgðir fyrirtækis og eiganda þess.
- 7.4. Fjárfestingaáætlun þar sem skilgreindar eru þær fjárfestingar sem eru fyrirtækinu nauðsynlegar til að viðhalda áframhaldandi starfsemi og ná áætluðum árangri.
- 7.5. Upplýsingar um viðskiptasamninga, viðskiptasambönd og tekjuskiptingu, einkum sérþekkingu eða einkaleyfi.
- 7.6. Skipurit fyrirtækisins og upplýsingar um stjórnendur.
- 7.7. Upplýsingar um tengd félög/fyrirtæki og viðskipti við tengda aðila, þar meðtaldar ábyrgðir.
- 7.8. Yfirlit yfir helstu rekstrartengdar eignir.
- 7.9. Aldursgreindan lista yfir viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir, ásamt mati á endurheimtum og stöðu innheimtu.
- 7.10. Aldursgreindar birgðir og endurmetið virði þeirra.
- 7.11. Veðbókarvottorð eigna, fastafjármuna og lausafjármuna og uppreiknuð staða allra veðskulda.
- 7.12. Upplýsingar um breytingar á framsetningu reikningsskila.
- 7.13. Ákvarðanir um viðskiptasamninga og tryggingar sem hafa verið teknar á síðustu tveimur árum.
- 7.14. Upplýsingar um hvort fyrirtækið standi í málaferlum.
- 7.15. Aðrar upplýsingar sem að mati lífeyrissjóðs eru taldar skipta máli við mat á grundvelli fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Handwritten signatures and initials:
Stu. M. (with a large flourish)
Pulu
Hús
13/12
ABJ
J.M.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Staðfesting stjórnar lífeyrissjóðs verzlunarmanna á reglum um skuldbreytingar og skilmála- breytingar fyrir fyrirtæki, dagsettar í október 2010

Reglurnar eru settar í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og skulu gilda til jafnlengdar því ákvæði laganna. Í lögum nr. 107/2009 er gert ráð fyrir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á reglum þessum. Landssamtök lífeyrisjóða leituðu fyrir hönd lífeyrissjóða eftir staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Reglurnar hafa hlotið staðfestingu Fjármálaeftirlitsins, sbr. bréf dags. 20. október 2010 til Landssamtaka lífeyrissjóða.

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, 23. nóvember 2010:

Þóðr Magnússon

Rafninn

Björguóddur

Hannes G. Sigurðsson

Brun. Vithjell

Ólafur Magnússon

Asta Rut Jónasdóttir

Ólafía Magnúsd.

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna,

Ólafur Magnússon